



Enn þurfum við að byggja verulega á innfluttu vinnuafli

Einu sinni enn er kominn upp skortur á vinnuafli í íslenska hagkerfinu og einu sinni enn ljóst að ekki er hægt að manna öll störf nema með innfluttu vinnuafli. Íslendingum fjölga ekki nógu mikið til þess að geta fyllt upp í þörfina sem ný störf skapa. Erlent vinnuafli verður því sífellt mikilvægara.

Á árunum 2010-2013 voru erlendir ríkisborgarar innan við 7% af íbúafjölda hér á landi. Í ár eru þeir um 15%. Frá 2010 hefur íslenskum ríkisborgurum fjölgað um 8,4% á meðan erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað um 160%.

Faraldurinn hafði áhrif á aðflutning


Erlendum ríkisborgurum tók að fjölga hér á landi 2012. Á næstu árum fram til 2017 jókst fjölgun aðfluttra umfram brottflutta mikið en eftir þá fjölgun dró aðeins úr 2018 og 2019. Faraldurinn og samdráttur hafði greinilega áhrif á flutninga á árinu 2020, en þrátt fyrir það fjölgaði erlendum ríkisborgurum það ár. Fjölgunin jókst aftur árið 2021 og nú á 1. ársfjórðungi 2022 var fjölgunin álíka og var á árinu 2019.

Aukið mikilvægi útlendinga á vinnumarkaði

Á árinu 2005 voru 20-59 ára innflytjendur 7% af fjölda starfandi á vinnumarkaði hér á landi. Núna á 1. ársfjórðungi 2022 var hlutfallið 22,3% og hefur aldrei verið hærra. Hlutfall innflytjenda fór undir 20% á árinu 2021 en hefur nú náð fyrri stöðu.


Samtök atvinnulífsins telja að flytja þurfi inn 12 þúsund starfsmenn á næstu fjórum árum. Störfum muni fjölga um 15 þúsund á árunum 2022-25 en innlendu fólki á starfsaldri fjölgi einungis um 3 þúsund. Gangi þetta eftir, sem allt bendir til, yrði hlutfall innflytjenda af starfandi fólki komið yfir 27% á árinu 2025. Fram til þessa hefur starfsfólk úr röðum innflytjenda einkum verið ófaglært, en bent hefur verið á að á næstu árum verði ekki síður skortur á háskólamenntuðu fólki. Í því sambandi þurfi laða erlent háskólamenntað starfsfólk til landsins.

Hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda - 1. ársfj. hvers árs



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Aðfl. erlendir ríkisb. umfr. brottfl., 20-59 ára og fjöldi erl. ríkisb.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Atvinnuleysi bitnar verr á innflytjendum

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar voru innan við eitt þúsund að meðaltali á árinu 2017. Á árinu 2020 voru þeir um 6.500 og fækkaði aftur í fyrra, nýjustu gögn frá aprílmánuði benda til þess að nú séu um 3.850 erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisskrá. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá hefur aukist mikið á síðustu árum úr því að vera um 15% á árinu 2010 í yfir 40% upp á síðkastið. Hlutfallið hefur verið tæp 43% á þessu ári og hefur aukist úr um 40% frá sumrinu 2021.

Í mars sl. taldi Vinnumálastofnun að fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara samsvaraði um 10,5% atvinnuleysi meðal þeirra, en almennt atvinnuleysi allra var 4,9% í mars. Hlutfallslegt atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er því ríflega tvöfalt á við íslenska.

Innflytjendur fyrst og fremst ófaglærðir

Ekki er mikið til um upplýsingar um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði. Í vorskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2021 var þó fjallað nokkuð ítarlega um laun og launaþróun eftir bakgrunni.

Í skýrslunni kom m.a. fram að um 80% innflytjenda á vinnumarkaði hér væru innan ASÍ, þar af um 3/4 hlutar innan Starfsgreinasambandsins.


Laun innflytjenda lægri

Í sömu skýrslu kom einnig fram að laun innflytjenda væru að jafnaði lægri en meðal Íslendinga innan sömu hópa. Munurinn var mestur innan BSRB þar sem innflytjendur voru að meðaltali með 83% af reglulegum mánaðarlaunum innfæddra fyrir fullt starf, en hjá öðrum hópum var hlutfallið í kringum 90%.


Margvísleg áhrif af fjölgun innflytjenda

Sem fyrr segir er nokkur skortur á upplýsingum um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og hefur umfjöllun um þau mál ekki verið mikil. Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar nær til að mynda verr til innflytjenda en innfæddra. Þegar sú staða verður uppi að um fjórðungur til þriðjungur fólks á vinnumarkaði verður af erlendum uppruna fer slíkt þáttökuleysi í rannsóknum á vinnumarkaði að skipta mál. Vinnumarkaðskönnunin gefur upplýsingar um marga mikilvæga þætti, t.d. um þátttöku á vinnumarkaði og fjölda vinnustunda.


20-59 ára innflytjendur á vinnumarkaði. 1. ársfj. hvers árs



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar



Skipting innflytjenda á vinnumarkaði 2020






Heildarfjöldi vinnustunda er stærð sem skiptir verulegu máli þegar meta á framleiðni vinnuafslins og þróun á framleiðni. Sú stærð skiptir svo aftur máli þegar meta þarf svigrúm til launahækkana svo eitthvað sé nefnt í þessu sambandi.

Þá hefur verið rætt um minni þátttöku innflytjenda í kosningum og umræðan um aukna húsnæðisþörf vegna mikillar fjölgunar innflytjenda hefur einnig verið uppi. Þessi dæmi sýna hve miklu máli skiptir að hafa sem öruggastar upplýsingar um þennan nýja hóp sem skiptir æ meira máli í samfélagi okkar. Fram til þessa hefur verið talið að áhugi erlendra ríkisborgara á dvöl og atvinnu hér á landi tengist hagsveiflunni mikið; þeir komi í uppgangi en flytji burt þegar verr árar. Þróun síðustu ára sýnir að það er ekki alls kostar rétt. Þessi hópur verður sífellt mikilvægari og er kominn til að vera.

Hlutfall reglul. launa innflytjenda af launum innfæddra - 2021



Heimild: Kjaratölfræðidæfnd

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.